

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 26. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi, sem samþykkt var af bæjarstjórn Austur-Héraðs 21. janúar 2004, tekur gildi frá og með 1. mars 2004, og fellur þá úr gildi samþykkt nr. 101 /2003 um sama efni.

Egilsstöðum, 22. janúar 2004.

Þórhallur Pálsson, forstöðumaður umhverfissviðs.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, aukavatnsgjald, mælaleigu og stofngjald vatnsveitu á Austur-Héraði.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Austur-Héraði eða leigir slíka eign sem tengd er vatnsveitu í eigu Austur-Héraðs, ber að greiða vatnsgjald til sveitar-
sjóðs.

Vatnsveitur Austur-Héraðs eru á Egilsstöðum, á Eiðum og á Hallormsstað.

Vatnsgjald skal innheimta með fasteignagjöldum.

Vatnsgjald er 0,22% af afskrifuðu endurstofnverði húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 (sbr. 1. mgr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991).

2. gr.

Aukavatnsgjald skal innheimta af öllum þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. 1. gr. gjaldskrár þessarar og nota vatn til annarra þarfa en heimilisþarfa, sbr. 8. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Aukavatnsgjald er kr. 20 pr. m³ vatns, samkvæmt magnmæli sem notandi leigir af vatnsveitu Austur-Héraðs.

3. gr.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu greiða árlega leigu fyrir magnmæla vatns sem hér segir:

25 mm lögn eða minni	kr.	3.000 á ári
32 mm lögn	kr.	5.000 á ári
40 mm lögn	kr.	6.000 á ári
50 mm lögn	kr.	8.000 á ári
75 mm lögn	kr.	24.000 á ári
>75 mm lögn	kr.	30.000 á ári

4. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitur í eigu Austur-Héraðs. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald vatnsveitu skal vera sem hér segir:

Landnotkunarflokkur samkvæmt aðalskipulagi		Grunn-gjald	m ³ -gjald	Athugasemdir
A	Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og miðsvæðum	35.000	25	m ³ -gjald reiknast af m ³ umfram 400. Hámarksgjald er kr. 200.000
B	Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.fl.)	35.000	25	m ³ -gjald af m ³ umfram 1.000. Hámarksgjald er kr. 200.000

Þegar um viðbyggingar er að ræða reiknast einungis rúmmetragejald samkvæmt framan-sögðu, nema viðbyggingin krefjist nýrrar heimæðar eða breytinga á heimæð sem fyrir er.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. gjaldskrár þessarar miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2003 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar ár hvert, - í fyrsta sinn í janúar 2005.

Um gjalddaga og innheimtu vatnsgjalds samkv. 1. gr. fer með sama hætti og um fasteignaskatt, og skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Aukavatnsgjald skal greiða þrisvar á ári að jafnaði. Greiðslu er heimilt að miða við áætlun, en aflestur mæla skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Vatnsnotandi getur farið fram á aukaaflestur vatnsmælis ef þörf krefur. Aukaaflestur er gjaldfrjáls.

Mælaleiga skal innheimt árlega, jafnhliða fyrstu greiðslu aukavatnsgjalds.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 21. janúar 2004, byggir á 7. og 8. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 og reglugerð nr. 421/1992 til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um vatnsgjald, aukavatnsgjald og mælaleigu á Austur-Héraði, sem samþykkt var af bæjarstjórn Austur-Héraðs 16. desember 2002.

Egilsstöðum, 23. janúar 2004.

Pórhallur Pálsson, forstöðumaður umhverfissviðs.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Allar olúbirgðastöðvar sem eru starfandi við gildistöku reglugerðar þessarar skulu hafa gilt starfsleyfi eigi síðar en 31. desember 2005.